

<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
<b>1.</b>	<b>EES-ráðið</b>	
<b>2.</b>	<b>Sameiginlega EES-nefndin</b>	
<b>2010/EES/70/01</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. . . . .	<b>1</b>
<b>2010/EES/70/02</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. . . . .	<b>3</b>
<b>2010/EES/70/03</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. . . . .	<b>5</b>
<b>2010/EES/70/04</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>7</b>
<b>2010/EES/70/05</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>8</b>
<b>2010/EES/70/06</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn . . . . .	<b>9</b>
<b>2010/EES/70/07</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn . . . . .	<b>10</b>
<b>2010/EES/70/08</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn . . . . .	<b>11</b>
<b>2010/EES/70/09</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn . . . . .	<b>12</b>
<b>2010/EES/70/10</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn . . . . .	<b>13</b>
<b>2010/EES/70/11</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn . . . . .	<b>15</b>
<b>2010/EES/70/12</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn . . . . .	<b>17</b>

<b>2010/EES/70/13</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn . . . . .	18
<b>2010/EES/70/14</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn . . . . .	20
<b>2010/EES/70/15</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn . . . . .	21
<b>2010/EES/70/16</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn . . . . .	22
<b>2010/EES/70/17</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn. . . . .	23
<b>2010/EES/70/18</b>	Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem öðlast hafa gildi eftir að stjórnskipulegum skilyrðum hefur verið fullnægt samkvæmt 103. gr. EES-samningsins. . . . .	25

**3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin**

**4. Ráðgjafarnefnd EES**

**II EFTA-STOFNANIR**

**1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

**2. Eftirlitsstofnun EFTA**

**3. EFTA-dómstóllinn**

**III EB-STOFNANIR**

**1. Ráðið**

**2. Framkvæmdastjórnin**

**3. Dómstóllinn**

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 97/2010

2010/EES/70/01

frá 1. október 2010

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2010 frá 30. apríl 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/97/EB frá 3. ágúst 2009 um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipana ráðsins 2002/53/EB og 2002/55/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrðin vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/145/EB frá 26. nóvember 2009 um tilteknar undanþágur sem varða samþykki fyrir staðaryrkjum og yrkjum í landbúnaði, sem hefð er fyrir því að rækta á tilteknum stöðum og svæðum og eru í hættu vegna erfðatæringar, og fyrir yrkjum grænmetis, sem hafa ekkert raunverulegt gildi í ræktun í viðskiptaskyni, en hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði og um setningu fræs af þessum staðaryrkjum og yrkjum á markað <sup>(3)</sup>.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði III. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB) og 15. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB) í 1. hluta:

„– **32009 L 0097**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/97/EB frá 3. ágúst 2009 (Stjtið. ESB L 202, 4.8.2009, bls. 29).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 11, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 202, 4.8.2009, bls. 29.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 312, 27.11.2009, bls. 44.

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 54. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/109/EB) í 2. hluta:

„55. **32009 L 0145:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/145/EB frá 26. nóvember 2009 um tilteknar undanþágur sem varða samþykki fyrir staðaryrkjum og yrkjum í landbúnaði, sem hefur er fyrir því að rækta á tilteknum stöðum og svæðum og eru í hættu vegna erfðatæringar, og fyrir yrkjum grænmetis, sem hafa ekkert raunverulegt gildi í ræktun í viðskiptaskyni, en hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði og um setningu fræs af þessum staðaryrkjum og yrkjum á markað (Stjtið ESB L 312, 27.11.2009, bls. 44).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2009/97/EB og 2009/145/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 98/2010****2010/EES/70/02****frá 1. október 2010****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2010 frá 30. apríl 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 637/2009 frá 22. júlí 2009 um setningu framkvæmdarreglna um hversu vel nafngiftir eiga við um yrki af tegundum nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda (kerfisbundin útgáfa) <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar (EB) nr. 637/2009 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 930/2000 <sup>(3)</sup> en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Texti 18. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 930/2000) í 2. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn hljóði svo:

**„32009 R 0637:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 637/2009 frá 22. júlí 2009 um setningu framkvæmdarreglna um hversu vel nafngiftir eiga við um yrki af tegundum nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 10).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Vísanir í aðrar gerðir í reglugerðinni teljast gildar að svo miklu leyti og í þeirri mynd sem slíkar gerðir hafa verið felldar inn í samninginn.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 637/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 11, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 10.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 108, 5.5.2000, bls. 3.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 99/2010****2010/EES/70/03****frá 1. október 2010****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2010 frá 30. apríl 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/198/ESB frá 6. apríl 2010 um að leysa Lettland undan tilteknum skuldbindingum um að beita tilskipunum ráðsins 66/402/EBE og 2002/57/EB að því er varðar *Avena strigosa* Schreb., *Brassica nigra* (L.) Koch og *Helianthus annuus* L. <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 79. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/786/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUM EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í III. kafla I. viðauka við samninginn:

„80. **32010 D 0198**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. apríl 2010 um að leysa Lettland undan tilteknum skuldbindingum um að beita tilskipunum ráðsins 66/402/EBE og 2002/57/EB að því er varðar *Avena strigosa* Schreb., *Brassica nigra* (L.) Koch og *Helianthus annuus* L. (Stjtið. ESB L 87, 7.4.2010, bls. 34).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/198/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 11, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 14.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 87, 7.4.2010, bls. 34.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 100/2010**

2010/EES/70/04

frá 1. október 2010

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2010 frá 2. júlí 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 178/2010 frá 2. mars 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 401/2006 að því er varðar jarðhnetur, önnur oliufræ, trjáhnetur, apríkósukjarna, lakkrís og jurtaolíu <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 54zzzl (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 401/2006) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32010 R 0178**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 178/2010 frá 2. mars 2010 (Stjtið. ESB L 52, 3.3.2010, bls. 32).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 178/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 37, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 52, 3.3.2010, bls. 32.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 101/2010****2010/EES/70/05****frá 1. október 2010****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2010 frá 2. júlí 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/159/ESB frá 16. desember 2009 um breytingu á III. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga hann að tækniframförum <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32009 L 0159**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/159/ESB frá 16. desember 2009 (Stjtið. ESB L 336, 18.12.2009, bls. 29).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/159/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Stefán Haukur Jóhannesson**

formaður.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 38, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 6.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 336, 18.12.2009, bls. 29.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 102/2010****2010/EES/70/06****frá 1. október 2010****um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) X. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2010 frá 2. júlí 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB frá 16. október 2009 um ráðstafanir sem greiða fyrir notkun rafrænnar málsmeðferðar með upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum <sup>(2)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 299, 14.11.2009, bls. 18.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/739/EB) í X. viðauka við samninginn:

„1b. **32009 D 0767**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB frá 16. október 2009 um ráðstafanir sem greiða fyrir notkun rafrænnar málsmeðferðar með upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (Stjtið. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 36), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 299, 14.11.2009, bls. 18.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/767/EB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 299, 14.11.2009, bls. 18, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 40, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 36.

<sup>(\*)</sup> Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 103/2010****2010/EES/70/07****frá 1. október 2010****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2010 frá 2. júlí 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/40/EB frá 6. maí 2009 um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/40/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 96/96/EB <sup>(3)</sup> en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Textinn í lið 16a (tilskipun ráðsins 96/96/EB) í XIII. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32009 L 0040**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/40/EB frá 6. maí 2009 um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra (Stjtið. ESB L 141, 6.6.2009, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/40/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Stefán Haukur Jóhannesson**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 43, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 141, 6.6.2009, bls. 12.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 46, 17.2.1997, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 104/2010

2010/EES/70/08

frá 1. október 2010

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2010 frá 2. júlí 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/810/EB frá 22. september 2008 um útlit staðlaðs eyðublaðs sem um getur í 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2009/810/EB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/173/EBE <sup>(3)</sup> en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 24e (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006):  
„24ea. **32009 D 0810**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/810/EB frá 22. september 2008 um útlit staðlaðs eyðublaðs sem um getur í 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 (Stjtið. ESB L 289, 5.11.2009, bls. 9).“
2. Textinn í lið 20a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/173/EBE) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/810/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Stefán Haukur Jóhannesson**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 43, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 289, 5.11.2009, bls. 9.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 72, 25.3.1993, bls. 33.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 105/2010****2010/EES/70/09****frá 1. október 2010****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2010 frá 2. júlí 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 164/2010 frá 25. janúar 2010 um tækniforskriftir fyrir rafrænar tilkynningar skipa, sem sigla á skipgengum vatnaleiðum, sem um getur í 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/44/EB um samræmda upplýsingaþjónustu um ár (RIS) á skipgengum vatnaleiðum í Bandalaginu <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 49ac (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 416/2007) í XIII. viðauka við samninginn:

„49ad. **32010 R 0164**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 164/2010 frá 25. janúar 2010 um tækniforskriftir fyrir rafrænar tilkynningar skipa, sem sigla á skipgengum vatnaleiðum, sem um getur í 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/44/EB um samræmda upplýsingaþjónustu um ár (RIS) á skipgengum vatnaleiðum í Bandalaginu (Stjtið. ESB L 57, 6.3.2010, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) nr. 164/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 43, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 12.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 57, 6.3.2010, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 106/2010

2010/EES/70/10

frá 1. október 2010

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2010 frá 2. júlí 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1163/2009 frá 30. nóvember 2009 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir oliuflutningaskip með einföldum byrðingi <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/491/EB frá 16. júní 2009 um viðmiðanir sem styðjast skal við þegar skera þarf úr um það hvenær frammistaða stofnunar, sem kemur fram fyrir hönd fánaríkis, geti talist stofna öryggi og umhverfinu í óviðunandi hættu <sup>(3)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56m (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002):  
„– **32009 R 1163**: Reglugerð (EB) nr. 1163/2009 frá 30. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 13).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 55b (tilskipun ráðsins 94/57/EB):  
„55ba. **32009 D 0491**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/491/EB frá 16. júní 2009 um viðmiðanir sem styðjast skal við þegar skera þarf úr um það hvenær frammistaða stofnunar, sem kemur fram fyrir hönd fánaríkis, geti talist stofna öryggi og umhverfinu í óviðunandi hættu (Stjtið. ESB L 162, 25.6.2009, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1163/2009 og ákvörðunar 2009/491/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 43, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 13.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 162, 25.6.2009, bls. 6.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 107/2010****2010/EES/70/11****frá 1. október 2010****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2010 frá 2. júlí 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2320/2002 <sup>(2)</sup> var felld inn í samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2009 <sup>(3)</sup> frá 29. maí 2009, ásamt sértækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekin lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2009 frá 18. desember 2009 um að setja viðmiðanir sem gera aðildarríkjunum kleift að veita undanþágur frá sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningssflugi og að samþykkja annars konar verndarráðstafanir <sup>(4)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66hc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 72/2010) í XIII. viðauka við samninginn:

„66hd. **32009 R 1254**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2009 frá 18. desember 2009 um að setja viðmiðanir sem gera aðildarríkjunum kleift að veita undanþágur frá sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningssflugi og að samþykkja annars konar verndarráðstafanir (Stjtið. ESB L 338, 19.12.2009, bls. 17).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir frá gildistökudegi síðustu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í samninginn ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna beitingar reglugerðar (EB) nr. 300/2008.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1254/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. október 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 43, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 25, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 27.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 338, 19.12.2009, bls. 17.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 108/2010****2010/EES/70/12****frá 1. október 2010****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2010 frá 2. júlí 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 273/2010 frá 30. mars 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66zab (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32010 R 0273**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 273/2010 frá 30. mars 2010 (Stjtið. ESB L 84, 31.3.2010, bls. 25).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 273/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. október 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 43, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 12.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 84, 31.3.2010, bls. 25.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 109/2010****2010/EES/70/13****frá 1. október 2010****um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,  
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2010 frá 2. júlí 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun ráðsins 2009/13/EB frá 16. febrúar 2009 um framkvæmd samnings sem Samtök skipaiegenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) hafa gert með sér um samþykktina um vinnuskilyrði farmanna, 2006, og um breytingu á tilskipun 1999/63/EB <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XVIII viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 32b (tilskipun ráðsins 1999/63/EB):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32009 L 0013**: Tilskipun ráðsins 2009/13/EB frá 16. febrúar 2009 (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 30).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32i (tilskipun ráðsins 2005/47/EB):  
„32j. **32009 L 0013**: Tilskipun ráðsins 2009/13/EB frá 16. febrúar 2009 um framkvæmd samnings sem Samtök skipaiegenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) hafa gert með sér um samþykktina um vinnuskilyrði farmanna, 2006, og um breytingu á tilskipun 1999/63/EB (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 30).“
3. Fyrsti undirliðurinn (lög um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun sáttmálanna sem mynda grundvöll Evrópusambandsins) í 24. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/94/EB) falli brott.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/13/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 46, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 30.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 110/2010****2010/EES/70/14****frá 1. október 2010****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2010 frá 12. mars 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 275/2010 frá 30. mars 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 að því er varðar viðmiðanir við gæðamat á hagskýrslum um skipulag fyrirtækja <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 11 (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 251/2009) í XXI. viðauka við samninginn:

„1m. **32010 R 0275**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 275/2010 frá 30. mars 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 að því er varðar viðmiðanir við gæðamat á hagskýrslum um skipulag fyrirtækja (Stjtíð. ESB L 86, 1.4.2010, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 275/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 31, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 30, 10.6.2010, bls. 39.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 86, 1.4.2010, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 111/2010**

2010/EES/70/15

frá 1. október 2010

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2010 frá 12. mars 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 220/2010 frá 16. mars 2010 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir tímabilið 2013 til 2015 fyrir vinnu- markaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18ao (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 20/2009) í XXI. viðauka við samninginn:

„18ap. **32010 R 0220**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 220/2010 frá 16. mars 2010 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir tímabilið 2013 til 2015 fyrir vinnu- markaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stjtið. ESB L 67, 17.3.2010, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 220/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 31, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 30, 10.6.2010, bls. 39.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 67, 17.3.2010, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 112/2010****2010/EES/70/16****frá 1. október 2010****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2010 frá 12. mars 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 351/2010 frá 23. apríl 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 862/2007 um hagskýrslur Bandalagsins um fólksflutninga og alþjóðlega vernd að því er varðar skilgreiningu á flokkum þegar hópuð eru saman fæðingarlönd, lönd fyrri fastrar búsetu, lönd næstu fastrar búsetu og ríkisföng <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18ap (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 220/2010) í XXI. viðauka við samninginn:

„18a. **32010 R 0351**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 351/2010 frá 23. apríl 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 862/2007 um hagskýrslur Bandalagsins um fólksflutninga og alþjóðlega vernd að því er varðar skilgreiningu á flokkum þegar hópuð eru saman fæðingarlönd, lönd fyrri fastrar búsetu, lönd næstu fastrar búsetu og ríkisföng (Stjtið. ESB L 104, 24.4.2010, bls. 37).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 351/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 31, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 30, 10.6.2010, bls. 39.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 104, 24.4.2010, bls. 37.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 113/2010****2010/EES/70/17****frá 1. október 2010****um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2010 frá 2. júlí 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 243/2010 frá 23. mars 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar endurbætur á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS-stöðlum) <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 244/2010 frá 23. mars 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 2 <sup>(3)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við samninginn:

- „– **32010 R 0243**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 243/2010 frá 23. mars 2010 (Stjtið. ESB L 77, 24.3.2010, bls. 33),
- **32010 R 0244**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 244/2010 frá 23. mars 2010 (Stjtið. ESB L 77, 24.3.2010, bls. 42).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 243/2010 og 244/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 52, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 22.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 77, 24.3.2010, bls. 33.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 77, 24.3.2010, bls. 42.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

**Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem öðlast hafa gildi eftir að stjórn- 2010/EES/70/18  
skipulegum skilyrðum hefur verið fullnægt samkvæmt 103. gr. EES-samningsins**

Frá marsmánuði árið 2000 hefur verið tekið fram í neðanmálgrein í ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar hvort gildistökudagur þeirra sé háður því að eitthvert samningsríkjanna fullnægi stjórn-skipulegum skilyrðum. Slík skilyrði voru gefin til kynna vegna neðangreindra ákvarðana. Hlutaðeigandi samningsríki hafa nú tilkynnt öðrum samningsríkjum að málsmeðferð innanlands sé lokið. Gildistökudagur hverrar ákvörðunar kemur fram í töflunni.

Ákvörðun	Dagsetning ákvörðunar	Prenstögn	Lagagerðir sem felldar eru inn í samninginn	Gildistökudagur
<b>20/2007</b>	27.4.2007	9.8.2007 Stjtið. ESB L 209, bls. 36 EES-viðbætur nr. 38, bls. 25	<b>Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB</b> frá 14. júní 2006 um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, 83/349/EBE um samstæðureikninga, 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana og 91/674/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga váttrygginga-félaga	1.8.2010
